

# NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

Sent umhverfisnefnd Alþingis

Reykjavík 25. nóvember 2003

2003110021/016-1

SB/hj

## Tillag til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 19. mál

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis frá 17. nóvember 2003, þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er beðin um umsögn um þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum (19. mál).

Náttúrufræðistofnun Íslands er sammála því að stefna beri að því að friðlýsa Jökulsá á Fjöllum og vatnasvið hennar. Því til stuðnings má nefna eftirfarandi:

- Jökulsá á Fjöllum fær næst hæstu vísitölu umhverfisáhrifa, eða 11,85, af þeim 35 nýju virkjunarkostum sem fjallað er um í nýbirtri skýrslu um niðurstöður rammaáætlunar (Niðurstöður 1. áfanga rammaáætlunar. Verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Nóvember 2003). Aðeins Markarfljótsvirkjun b fær hærri vísitölu, eða 11,88.
- Í skýrslu sem Náttúrufræðistofnun Íslands vann að beiðni umhverfisráðuneytisins fyrir nefnd um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls (Snorri Baldursson, Helgi Torfason og Hörður Kristinnsson. 2003. Náttúrufræðingur og verndargildi náttúrufræðingur norðan Vatnajökuls - Yfirlit. NÍ-03002), er m.a. fjallað um landsvæðið sem Jökulsá á Fjöllum rennur um. Þar er þessu landsvæði gefin há verndareinkunn, einkum með tilliti til landslags og jarðminja. Aðliggjandi hálandissvæði vestan árinna – sum hver friðuð nú þegar – fá einnig háa verndareinkunn.
- Með friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, ásamt fyrirhuguðum Vatnajökulsþjóðgarði og stækkun Skaftafellsþjóðgarðs til suðurs (sbr. Náttúruverndaráætlun), næðist að friðlýsa afar merkar náttúruminjar innan samfellds landsvæðis sem teygði sig þvert yfir landið frá suðurströnd til norðurstrandar.
- Jökulár eru m.a. einkennandi fyrir náttúru Íslands. Með friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum næðist verndun a.m.k. einnar stórar landsins, ásamt vatnasviði, frá upptökum til ósa.

Virðingarfyllt,

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS